

Greiðslumat skal byggt á þeim forsendum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið og kynnt húsnæðisnefndum og öðrum framkvæmdaraðilum.

Undanþáguheimildir.

7. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæðum 4. gr. um eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Jafnframt er Húsnæðisstofnun heimilt að víkja frá 2. gr. og 4. gr. um tekjur og eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum, lækkað svo í tekjum að þeir geta varla haldið íbúðum sínum. Ósk um undanþágu af framangreindum ástæðum skal fylgja umsögn frá félagsmálanefnd í viðkomandi sveitarfélagi.

8. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæði 6. gr. um greiðslugetu skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, enda felist í rökstuðningnum upplýsingar um félagslega hagi umsækjanda sem þyki staðfesta að umsækjandi geti, tímabundið, borið þyngrri greiðslubyrði en 6. gr. kveður á um.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 64., 66. og 76. gr. laga, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995, öðlast þegar gildi.

Reglugerðin skal endurskoðuð fyrir 1. desember 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 1996.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Nr. 593

11. nóvember 1996

AUGLÝSING

um viðbót við aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 11. nóvember 1996, staðfest viðbót við aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990 með síðari breytingum.

Viðaukinn er á þann veg að á svæði í Dagverðardal er gert ráð fyrir skotæfingasvæði neðan þjóðveggar og það auðkennt sem útivistarsvæði til sérstakra nota. Ekki er heimilt að reisa hús til næturvalar á svæðinu.

Uppdráttur þessi og greinagerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 11. nóvember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.